

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
<u>Svið I – Leikskólinn og umhverfi hans¹</u>					
<ul style="list-style-type: none"> Leita leiða til að fjölga kennaramenntuðum starfsmönnum 	<p>Auglýsa kennarastöður að vori. Styrkja starfsfólk til kennaranáms. Bæta starfsumhverfi með því að loka leikskóla í haust- og vetrarfríum, dimbilviku og milli jóla og nýárs (samkeppnishæfara við starfsumhverfi í grunnskóla en kennarar hafa gjarnan fært sig yfir á grunnskólastig).</p>	Maí 2023	Haust 2024	Leikskólastjóri Sveitarfélag	Endurmetið síðast haust 2024
<ul style="list-style-type: none"> Gera mat og endurbætur á útileiksvæði, skoða ástand leiktækja og nýtingu annarra tækifæra s.s. útielhdús og ræktunarkassa 	<p>Öryggisnefnd sendi frá sér greinargerð um þörf á úrbótum. Stofna teymi sem sér um að útfæra hugmyndir um fjölbreytt og skapandi viðfangsefni á útilóð.</p>	September 2022	Lokið sumar 2024	Öryggisnefnd Leikskólastjóri Sveitarfélag	Síðast endurmetið haust 2024

¹ Bætið við línum eftir þörfum.

Umbótapáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
<u>Svið II – Stjórnun</u>					
<ul style="list-style-type: none"> Endurskoða skólanámskrá í samræmi við aðalnámskrá með þátttöku allra aðila í leikskólasamfélaginu 	<p>Breyta uppsetningu á skólanámskrá til hliðsjónar við Aðalnámskrá leikskóla. Færa upplýsingar úr starfsskýrslu sem eiga að vera í skólanámskrá. Starfsfólk vinnur að þáttum í skólanámskrá með endurmati og umræðum.</p> <p>Rýnihópur barna.</p> <p>Vinnuhópur foreldra- frjáls þátttaka áhugasamra.</p> <p>Sveitarfélag gaf út nýja Menntastefnu haustið 2024. Leikskólar Árborgar samræmdu form starfsáætlana 2024 og aftur janúar 2026.</p> <p>Leikskólar Árborgar vinna að samræmdu formi skólanámskráa í byrjun árs 2026- er í vinnslu</p>	Nóvember 2022	Ný skólanámskrá Hulduheima verður kláruð fyrir sumarlokun 2026	Leikskólastjórnendur Sveitarfélag	Endurmetið síðast haust 2025
<ul style="list-style-type: none"> Gera skriflega verkaskiptingu milli stjórnenda (leikskóla- og aðstoðarleikskólastjóra), ábyrgðarhluti hvors um 	Skólastjórnendur gera þetta	Október 2022	September 2023	Leikskólastjórnendur	Stjórnendur endurmeta vorið 2023 (ræða hvort verkaskiptingin er að virka og báðir aðilar sáttir).

sig og skýra samráðsferli þeirra					
<ul style="list-style-type: none"> Skilgreina hlutverk stjórnenda og deildarstjóra gagnvart einstökum verkefnum. 	Tekið fyrir á deildarstjórafundum með því að greina hvaða verkefni er um að ræða (sem þarf að skilgreina hlutverk) og taka ákvarðanir þar að lútandi.	Október 2022	Vor 2023	Stjórnendateymi	Endurmeta með umræðum á deildarstjórafundi vorið 2023. Skoðað reglulega.
<ul style="list-style-type: none"> Skoða vinnulag við gerð starfsskýrslu (í samræmi við aðalnámskrá leikskóla) og tryggja aðkomu allra aðila leikskólasamfélagsins 	Taka til umræðu við aðra stjórnendur leikskóla Árborgar. Gera betrubætur áður en skýrslu er skilað fyrir þetta skólaár. Starfsfólk les og fær tækifæri til að koma með athugasemdir. Foreldraráð fer yfir og fær tækifæri til að koma með athugasemdir, skrifa umsögn. Ákveðið að gera nýtt form á starfsáætlun í samvinnu við hina leikskólana, sú vinna fór fram skólaárið 2023-2024. Breytt aftur janúar 2026 í ljósi samræmingar á innra mati. Innra mats skýrsla gefin út í lok vorannar og starfsáætlun í byrjun haustannar	Október 2022	Nóvember 2022. Lokið haust 2024	Leikskólastjórnendur	Endurmeta á deildarstjórafundi í desember 2022. Endanlegt form janúar 2026- allir leikskólar Árborgar

<ul style="list-style-type: none"> Skoða meint einelti og/eða áreiti sem kemur fram í Maskínukönnun frá hausti 2021 	Máli er lokið eftir að rætt var við aðila sem um ræðir.	Haust 2021	Júlí 2022	Leikskólastjóri	Ekki þörf á endumati.
<ul style="list-style-type: none"> Meta samræmi milli þess sem er skrifað í gögnum leikskólans og því sem er gert á gólfinu með börnunum (erum við að gera það sem við segjumst vera að gera?) 	Gert á sama tíma og farið er yfir skólanámskrá. Taka stöðuna á könnunaraðferð í leiðinni. Matslistar fyrir starfsfólk. Mikil vinna hefur farið fram í þessu undanfarin ár.	Matslistar nóvember 2022. Janúar 2023	Skólanámskrá frestast til vors 2026 . En vinna við að samræma hefur verið í gangi.	Leikskólastjórnendur Matsteymi	Endurmat vor 2023 Ýmsir þættir hafa verið endurmetnir undanfarin ár og mun sú vinna skila sér í nýja skólanámskrá. Virkt innra mat
<ul style="list-style-type: none"> Uppfæra starfsmannahandbók 	Aðstoðarleikskólastjóri fer yfir handbókina og gerir hana skýrari og aðgengilegri. Það helsta úr starfsmannahandbók er komin inn á allar deildir, verkferlar skoðaðir og uppfærðir reglulega	Nóvember 2022	Desember 2022	Aðstoðarleikskólastjóri	Endurmat vorið 2023 með umræðum á deildarstjórafundum Uppfærð reglulega, síðast haust 2025
<ul style="list-style-type: none"> Gera skýrari ramma í kring um undirbúningstíma deildarstjóra (skrá verkefni sem unnin eru og hversu mikill tími fer í vettvangsathuganir á 	Stjórnendateymi telur ekki þörf á að halda utan um verkefni í undirbúningstíma með þeim hætti að skila þurfi til leikskólastjóra. Hins vegar verður umræðan tekin um hvað felst í undirbúningstíma og mikilvægi handleiðslu og atferlisathugana á	Október 2022	September 2023	Stjórnendateymi	Endurmat vorið 2023 með umræðum á deildarstjórafundum. Aftur rætt og metið haustið 2024.

deildum og úrvinnslu þeirra).	deildum. Útbúa sjálfsmat til að hjálpa deildarstjórum að átta sig á eigin vinnulagi. Sjálfsmatið má fylla út einu sinni á hverri önn.				
<ul style="list-style-type: none"> Nýta betur mannauð leikskólans til að byggja upp virkt lærdómssamfélag 	Starfsfólk heldur áfram að leita ráðgjafar og stuðnings til hvers annars. “sérfræðingar” á ákveðnum sviðum bjóða til samtals og áhorfs í hópastarfi ef þurfa þykir. Starfsfólk hefur tækifæri til að taka þátt í teymisvinnu og að fá að nýta sína styrkleika	Október 2022	Vor 2023. Er verið að viðhalda.	Stjórnendateymi	Endurmeta vor og haust á matslistum deilda Reglulega metið, síðast vor 2025

Umbótapáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
Svið III – Uppeldis og menntastarf					
<ul style="list-style-type: none"> Auka samstarf milli deilda í samræmi við áherslur leikskólans. 	Sameiginleg söngstund í sal 1x á hverri önn. Leita meira til samstarfsfélaga til ráðgjafar og handleiðslu, t.d. að fá að sitja í Lubbastund, Vináttustund, eða Könnun (“sérfræðingar” á ákveðnum sviðum eins og getið er um áður-nýta mannauðinn og virkja lærdómssamfélagið)	September 2022	September 2023 Er verið að viðhalda og alltaf að batna.	Deildarstjórar	Reglulega metið í endurmatslistum eftir haust og vorannir

	Flæði milli deilda 1x á önn (yngri/eldri) með áhugaverðum viðfangsefnum.				
<ul style="list-style-type: none"> Endurmeta og yfirfara leikefni í samræmi við leikefnisstefnu Hulduheima 	Leikefnisteymi yfirfer leikefni í samræmi við leikefnisstefnu Hulduheima. Útbúa gátlista (með leikefnisstefnu sem viðmið) fyrir deildarfundum svo hægt sé að meta efnivið sem í boði er.	Janúar 2023	Vor 2024	Leikefnisteymi Matsteymi Leikskólastjórnendur	Endurmatslisti að vori
<ul style="list-style-type: none"> Ræða, ákveða og samræma áherslur okkar um málörvun og hvaða námsefni við notum. 	Yfirfara læsisstefnu Hulduheima. Athuga orðalag- ýmsar leiðir farnar í málörvun þ.m.t Markviss málörvun, Lubbi, Orðaspjall ofl. Mikilvægt að starfsfólk noti það sem hentar þeim best. Byggja á læsisstefnu Árborgar. Ný læsisstefna Árborgar kom út haustið 2025.	Nóvember 2022	Umræða var strax tekin og sammælt um aðferðir. Ný læsisstefna Hulduheima tilbúin janúar 2026 og innleiðing hafin á vorönn Lokið	Stjórnendateymi (deildarstjórar, sérkennslustjóri, aðstoðarleikskólastjóri og leikskólastjóri) Sveitarfélag	Endurmatslisti að vori
<ul style="list-style-type: none"> Auka aðgengi barnanna að fjölbreyttu skapandi starfi í listasmiðjum. 	Grunnefniviður til myndsköpunar færast inn á deildir svo hægt sé að nota oft. Hver deild fær listasmiðju viku í senn og getur notað frjálst fyrir fjölbreytt skapandi starf.	Október 2022	September 2023	Deildarstjórar Leikskólastjóri	Endurmatslisti að hausti

<ul style="list-style-type: none"> Gera tónlist og vísindi meira sýnileg í leikskólastarfinu 	<p>Tónlist samþætt inn í daglegt starf. Skipulagðar tónlistarstundir geta verið inni í samverustundum.</p> <p>Setja inn fræðsluefni um námsþáttinn sjálfbærni og vísindi, starfsfólk les og gerir tillögur um hvernig megi auka vísindastarf (rætt á deildarfundum og/eða skipulagsdegi).</p> <p>Gera sýnilegt með myndaskráningum</p>	Október 2022	September 2023.	Deildarstjórar Aðstoðarleikskólastjóri	Endurmatslistar haust og vorönn
<ul style="list-style-type: none"> Taka upp uppeldislegar skráningar á námi og framförum allra barna 	<p>Endurvekja skráningablöð sem fylgja könnunarleik og könnunaraðferð.</p> <p>Senda heim myndaskráningar með skýringum á framvindu verkefnis þegar könnunarferli líkur.</p> <p>Nota myndaskráningar. Kynna okkur góðar og einfaldar leiðir við skráningar.</p>	Október 2022	Lokið 2024 Skráningar í könnun notaðar og leikskráningar gerðar. þarf að viðhalda	Stjórnendateymi Matsteymi	Endurmeta á matslistum vor og haustönn, reglulega metið
<ul style="list-style-type: none"> Auka tækifæri barna til að meta nám sitt og setja sér markmið. 	<p>Taka upp spurningarlista fyrir börnin sem voru í ferilmöppum áður fyrr.</p> <p>Athuga hvort hægt sé að nota broskarlamat fyrir fleiri þætti en er gert og fyrir yngri börn (var prófað en aftur farin að láta elstu tvo árganga meta)</p>	Október 2022	Lokið að hluta September 2023 Lokið 2024	Deildarstjórar Matsteymi Aðstoðarleikskólastjóri	Endurmeta á matslistum vor og haustönn. Við endurmetum reglulega hvernig við getum gefið börnunum fleiri tækifæri til að hafa áhrif.

	Börnin taka þátt í að meta hvernig til tókst eftir einstaka viðburði (eftir aldri og þroska) Börnin meta munnlega eftir hópastarf eða afmörkuð verkefni hvernig þeim fannst ganga, hvað var skemmtilegt/erfitt/leiðinlegt. Yfirfara blaðið um námsmat í Hulduheimum. Skoða það að eldri börnin setji sér markmið fyrir hverja önn- “í hverju vil ég æfa mig”? (sett í broskarlamatið).				
<ul style="list-style-type: none"> Auka fjölbreytni á útisvæði leikskólans 	Auka aðgengi að vatni. Stofna nefnd sem sér um að auka fjölbreytni á útisvæði. Ýmsar hugmyndir s.s smíðakrókur, sull, nýr efniviður, þrautabrautir, útielhdús, trjádruubar.	Október 2022	September 2023	Deildarstjórar	Endurmeta á matslistum haust og vor
<ul style="list-style-type: none"> Leita eftir þekkingu, færni og áhugasviði starfsfólks til að geta betur nýtt styrkleika þeirra í daglegu starfi 	Hvetja fólk til að tengja viðfangsefnin við sín áhugasvið. Nota styrkleika fólks til að leysa verkefni, veita ráðgjöf á sérsviði sínu eða vinna að ákveðnum málum. Í gegnum vinnu með samskiptasáttmálann má efla hugrekki til að bjóða fram styrkleika sína og einnig að starfsfólk kynnist hvert öðru betur og komi þannig auga á	Október 2022	September 2023. Er verið að viðhalda.	Deildarstjórar Leikskólastjórnendur Matsteymi útbýr sjálfsmatið.	Metið með því að starfsfólk útfyllir sjálfsmatslista í lok hvernar annar. (nú í lok haustanna ár hvert, eins rætt í örviðtölum og starfsmannasamtölum)

	styrkleika hvers annars og áhugasvið.				
<ul style="list-style-type: none"> Skoða óskir starfsfólks um fræðslu og leiðbeiningar frá fagfólki á starfsaðferðum leikskólans. 	Taka fyrir fræðslu og umræður um könnunaraðferðina á starfsdegi. Örviðtöl skólastjórnenda/deildarstjóra	Nóvember 2022	Sumar 2023	Deildarstjórar Leikskólastjórnendur Matsteymi útbýr sjálfsmatið.	Metið með því að starfsfólk útfyllir sjálfsmatslista í lok hvernar annar (nú árlega og rætt í starfsmannasamtölum/örviðtölum)

Umbótaþáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
<u>Svið IV – Foreldrasamvinna og ytri tengsl</u>					
<ul style="list-style-type: none"> Áherslur leikskólans um foreldrasamstarf þurfa að liggja fyrir og vera sýnilegar á heimasíðu leikskólans 	Óska eftir upplýsingum frá foreldrafélagi og setja inn á heimasíðu.	Október 2022	Nóvember 2023	Aðstoðarleikskólastjóri	Endurmeta með umræðum á deildarstjórafundum við lok haustannar.
<ul style="list-style-type: none"> Æskilegt að leikskólinn hefði upplýsingar á heimasíðu fyrir foreldra um upphaf leikskólagöngu 	Sækja upplýsingar til deildarstjóra og setja á heimasíðu	Október 2022	Nóvember 2022 (undir Almennar upplýsingar)	Aðstoðarleikskólastjóri	Endurmeta með umræðum á deildarstjórafundum við lok haustannar.
<ul style="list-style-type: none"> Foreldraráð þarf að vinna starfsáætlun og birta á heimasíðu leikskólans 	Stjórnendur óska eftir starfsáætluninni og birta á heimasíðu þegar vinna er lokið.	Október 2022	Janúar 2025	Foreldraráð Leikskólastjórnendur	Endurmeta með umræðum á

ásamt fundargerðum ráðsins	Foreldraráð sendir fundargerðir til aðstoðarleikskólastjóra með tölvupósti og hann birtir á heimasíðu. Ákveðið að upplýsingar um starfsemi foreldraráðs á heimasíðu nægi (foreldraráð fundar 2x á ári og oftari ef þurfa þykir, gefur umsögn um starfsáætlun og fylgist með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana).				deildarstjórafundi við lok haustannar.
<ul style="list-style-type: none"> Rýna ætti þá þætti sem leikskólinn er undir í meðaltali á landsvísu í foreldrakönnun Skólapúlsins 	Stjórnendateymi skoðar þessa þætti, leitar eftir mögulegum skýringum og metur hvort tilefni er til úrbóta.	Október 2022	Lokið vor 2023	Stjórnendateymi	Endurmeta með umræðum við lok haustannar. Stjórnendateymi fer alltaf yfir niðurstöður úr foreldrakönnunum og skoðar hvort tilefni sé til umbóta.
•					

Umbótapáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
<u>Svið V – Skóli án aðgreiningar</u>					

<ul style="list-style-type: none"> Æskilegt að taka upp samræðu milli deildarstjóra og sérkennslustjóra um snemmtæka íhlutun og framkvæmd sérkennslu á deildum 	Taka umræðu á deildarfundum, deildarstjórafundum og fundum með sérkennurum/starfsfólki sem sér um sérstuðning. Endurskoða okkar kerfi í samræmi við farsældarþjónustu Árborgar.	Janúar 2023	Vor 2023 Viðhalda samtali	Stjórnendateymi	Endurmeta vorið 2023 á deildarstjórafundum og matslista vorannar
<ul style="list-style-type: none"> Sjá ætti til þess að foreldrar taki þátt í gerð einstaklingsnámskrár fyrir sitt barn 	Taka umræðu á deildarstjórafundum. Finna með hvaða hætti foreldrar geti tekið þátt í gerð einstaklingsnámskrár fyrir sitt barn.	Október 2022	Lokið 2024 Foreldrar eru til samráðs og samþykkja Einstaklingsnámskrá	Stjórnendateymi	Endurmeta vorið 2023 á deildarstjórafundum
<ul style="list-style-type: none"> Gott væri að hafa þátttökuáætlun og kynningarbækling fyrir foreldra á fleiri tungumálum en íslensku 	Til er myndrænn bæklingur fyrir erlenda foreldra og börn þeirra (útbúinn að fjölmenningsarteymi Árborgar). Þýða þátttökuáætlun og kynningarbækling lauslega á ensku og pólsku. Ákveðið að þýða ekkert frekar og láta myndræna bæklinginn duga. Túlkar fengnir til í foreldraviðtölum ef þurfa þykir og fólk notast við þýðingaröpp að öðru leyti.	Október 2022	Haut 2024	Stjórnendateymi	Endurmeta vorið 2023 á deildarstjórafundum
<ul style="list-style-type: none"> Æskilegt væri að hafa almennar upplýsingar á heimasíðu á fleiri tungumálum en íslensku 	Athuga hvort sveitarfélag taki slíkt að sér og samræma þá yfir alla leikskóla sveitarfélagsins. Taka til umræðu í fjölmenningsarteymi Einhverjar upplýsingar eru nú tiltækar á ensku og pólsku á heimasíðu	Október 2022	Haut 2024	Leikskólastjórnendur Sveitarfélag Fulltrúar Hulduheima í fjölmenningsarteymi Árborgar	Endurmeta vorið 2023 á deildarstjórafundum

	Árborgar. Engar frekari þýðingar í býgerð, fólk notast við þýðingaröpp og túlka ef þurfa þykir.				
--	---	--	--	--	--

Umbótapáttur - tækifæri til umbóta skv. skýrslu	Aðgerðir skóla/sveitarfélags til umbóta	Hvenær hefst	Hvenær lokið	Ábyrgðaraðili/ar	Endurmat, hvenær/hvernig
Svið VI – Innra mat					
<ul style="list-style-type: none"> Tilgreina ætti ábyrgðaraðila fyrir hverjum matsþætti og hvernig gagna á að afla 	Matsteymi breytir matsáætlun með þeim hætti að þessir þættir komi fram.	Október 2022	Lokið vor 2023	Matsteymi	Endurmetið á deildarstjórafundi í apríl/maí 2023
<ul style="list-style-type: none"> Stofna matsteymi í leikskólanum 	Stofnað hefur verið þriggja manna matsteymi. Í lok skólaárs verður metið hvort matsteymið verður stækkað. Haustið 2024 bættist við fulltrúi foreldra í matsteymi/gæðaráð.	September 2022	Lokið vor 2023	Leikskólastjórnendur	Endurmetið á deildarstjórafundi í apríl/maí 2023
<ul style="list-style-type: none"> Meta stefnu leikskólans og markmið markvisst og reglubundið og skilgreina viðmið um gæði og árangur 	Matsteymi setur í matsáætlun skólaársins og 5 ára matsáætlun. Búa til matslista þar sem koma fram viðmið um gæði og árangur.	Október 2022	Lokið 2024 og viðhaldið. Ný Menntastefna Árborgar með gæðahandbók	Matsteymi Leikskólastjórnendur	Endurmetið á deildarstjórafundi í apríl/maí 2023

<ul style="list-style-type: none"> Huga að aðkomu foreldraráðs í að ákveða áherslu og forgangsröðun í innra mati. 	Þegar matsteymi hefur gert drög að matsáætlun fyrir skólaárið verður hún send til foreldraráðs til yfirlstrar. Foreldraráði gefið tækifæri til að koma með spurningar og athugasemdir.	Október 2022	Haust 2023	Matsteymi Leikskólastjórnendur	Endurmetið á deildarstjórafundum í apríl/maí 2023
<ul style="list-style-type: none"> Efla mat og ígrundun starfsfólks á eigin starfsháttum í daglegu starfi. 	Matsteymi útbýr sjálfsmat sem hægt væri að leggja fyrir með reglubundnum hætti t.d. á hverri önn	Október 2022	Vor 2023 Áframhald í starfendarannsókn skólaárið 2023-24 og vegna innleiðingar breytinga á Aðalnámskrá um hlutverks starfsfólks (2024-25)- lokið	Matsteymi	Endurmetið á deildarstjórafundum í apríl/maí 2023 og í endurmatslista vorannar
<ul style="list-style-type: none"> Birta greinargerðir um innra matið á heimasíðu leikskólans þar sem fram koma upplýsingar um framkvæmd og niðurstöður og greining á styrkleikum og tækifærum til umbóta. 	Matsteymi gerir greinargerðir og birtir með reglulegu millibili (ekki sjaldnar en einu sinni á önn).	Október 2022	Lokið vor 2024 Skýrsla um innra mat sýnileg á heimasíðu og vísað til hennar í starfsáætlun.	Matsteymi Aðstoðarleikskólastjóri	Endurmetið á deildarstjórafundum í apríl/maí 2023

